

Hrönn Jónsdóttir

From: Daníel Freyr Jónsson <daniel.jonsson@umhverfisstofnun.is>
Sent: miðvikudagur, 24. ágúst 2022 12:09
To: skeidgnup@skeidgnup.is
Subject: Samstarfsfnefnd fyrir friðland í Þjórsárværum

Góðan daginn,

Í samræmi við 4. gr. auglýsingar um friðland í Þjórsárværum, óskar Umhverfisstofnun eftir því að Skeiða- og Gnúpverjahreppur tilnefni einn aðila í samstarfsfnefnd um friðlandið.

Í fjórðu grein auglýsingarinnar segir: „*Umhverfisstofnun hefur umsjón með friðlandinu en stofnuninni til ráðgjafar er 10 manna nefnd og skipar hvert sveitarfélag einn fulltrúa og Umhverfisstofnun einn og er sá formaður nefndarinnar. Með nefndinni skulu starfa fulltrúar Háskóla Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Skipunartími nefndarinnar er sá sami og kjörtímabil sveitarstjórnar. Skal ráðgjafanefndin funda minnst einu sinni á ári. Umhverfisstofnun er heimilt að höfðu samráði við ráðgjafanefnd að setja ístarlegri reglur um umgengni í friðlandinu, sbr. 81. gr. laga nr. 60/2013.“*

Þess er óskað að tilnefningin berist eigi síður en 17. September ásamt heimilisfangi og netfangi viðkomandi.

Umhverfisstofnun vekur athygli á 15. gr. laga nr 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Forstjóri Umhverfisstofnunar skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskiptingin sé sem jöfnust.

Tilnefningaraðilar bera kostnað af setu fulltrúa sinna í nefndinni.

Bestu kveðjur, Best regards

Daníel Freyr
Sérfræðingur, Advisor
Svið náttúru, hafs og vatns, Department for Nature Conservation, Ocean and Water



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Bréfasími / Fax: +354 591 2010
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer)